



**Ávarp**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**á samnorrænni ráðstefnu**  
**um menningu og lífsgildi ungemna**  
**20. september 1999**  
**(Ungdomskultur og værdier – storbyens hjerte og smerte)**

Ágætu ráðstefnugestirkæru norrænu vinir  
Það er þarft verk og gott að efna til ráðstefnu um líf þeirra sem löndin erfa hér á norðurslóðum, aðbúnað þeirra og umhverfi, menningu og gildismat, framtíðardrauma og aðsteðjandi ógn í þeim myrkviði nútíma stórborgarlífs sem sumum reynist völundarhús sem þeir rata ekki úr af eigin rammleik. Stórborgir eru suðupottar samtímans, þar iðar lífið og gerjast, mennta- og menningarlíf blómstrar með fjölbreyttu framboði fyrir alla aldurshópa, ekki hvað síst hina yngri. En þar leynast líka margvíslegar hættur, einelti getur lagt líf barns í rúst, áfengi er alltof auðfengið, sölumenn dauðans sitja um sífellt yngri neytendur með þann varning sem lagt hefur líf svo margra í rúst.

Við þurfum að leggja eyru við því sem æskan hefur til mála að leggja, ekki með orðum kennara og sérfræðinga, heldur á hennar eigin forsendum, með hennar eigin rödd, við þurfum að veita ungu fólki hlutdeild í að móta sína eigin framtíð. En við þurfum líka að þora að axla þá ábyrgð sem fylgir því að vera fullorðin og foreldri, veita börnum og ungmennum holla leiðsögn um heilbriggt líf, tryggja þeim hina bestu menntunarkosti sem duga í samfélagi sem breytist með stöðugt meiri hraða og krefst sífellt fjölpættari þekkingar. Og við þurfum að bjóða ungmennum kosti sem tryggja að þau finni farveg fyrir dægurstyttingu og samveru annars staðar en á víðvangi miðborga um nætur.

Borgarlíf er ungt hér á Íslandi, einkum ef hafður er samanburður af Evrópuþjóðum; um síðustu aldamót bjuggu hér í Reykjavík fáeinir þúsundir karla og kvenna í lágrestum húsum við misjöfn kjör. Reykjavík og nálæg þéttbýlissvæði hafa byggst á undraskömmum tíma, einkum á síðari hluta þeirrar aldar sem senn er liðin; og samfara þeim mikla hraða hafa verið margvíslegir vaxtaverkir sem oftast en ekki hafa bitnað mest á

yngstu íbúunum. Margir rithöfundar hafa lýst með eftirminnilegum hætti þessari hröðu uppbyggingu, hér má taka lítið dæmi úr skáldsögu eftir Pétur Gunnarsson:

Í öllum áttum var verið að byggja og borgin valt eins og hraunelfur yfir holt og hæðir, fossaði yfir í Fossvog og byrjaði að klifra upp Elliðaárbrekkurnar. Arkitektar máttu hafa sig alla við til að húsin risu ekki á undan teikningunum, og verkfræðingar áttu fótum fjör að launa undan umferð gatna sem voru ekki ennþá þornaðar á pappírnum.

(Pétur Gunnarsson, Ég um mig frá mér til mín)

Við Íslendingar bjuggum við einangrun um aldir, hér í miðju Atlantshafi og fjarri alfaraslóðum heimsins, að minnsta kosti eftir að víkingarnir voru herrar hafanna á miðöldum. Nútíminn hefur rofið þessa einangrun með tæknibyltingu sinni, hraðvirkum og fjölbreytilegum samskiptaháttum milli einstaklinga og þjóða. Ísland er ekki lengur eyland í úthafi heldur hluti meginlands með öllum þess kostum og göllum.

Við erum þakklát fyrir hvers konar samstarf við frændur okkar á Norðurlöndunum, viljum heyra af reynslu þeirra, fræðast um það starf sem þar er helgað æskulýð, baráttu gegn vaxandi áfengisneyslu og reykingum sífellt yngri neytenda, gegn hinni skelfilegu fíkniefnavá sem eyðilagt hefur líf svo margra ungmenna. Enda þótt þær norrænu borgir sem vinir okkar koma frá séu velflestar fjölmennari en Reykjavík hefur alþjóðavæðing tilverunnar greitt allar götur og gert það að verkum að vandi stórborga hefur færst til hinna minni. Og við vitum að hér í Reykjavík hefur verið unnið merkilegt og gott starf með ungu fólki, ég nefni hér sérstaklega rómað starf Hins hússins sem vakið hefur athygli erlendis fyrir hugmyndaauði og nýjar lausnir. Við getum því öll lært hvert af öðru þó aðstæður séu um margt ólíkar.

Markmið þessarar ráðstefnu er að á ráðstefnunni verður skiptast á reynslusögum og hugmyndum um það hvernig unnt sé að koma sem best til móts við áhugamál ungs fólks, hvernig virkja megi frumkvæði þess, hvernig hækka megi þá varnargarða sem við verðum að byggja til að úthýsa vágestum fíkniefna. Undirstaðan þar er margþætt, en styrkasta stoðin hlýtur að vera innan veggja fjölskyldunnar, þar eiga börn og ungmenni að eiga skjólið sem dugar gegn vondum veðrum. Ef við viljum ná árangri verðum við að leggja áherslu á að heilbriggt fjölskyldulíf fái tóm til að dafna í því samfélagi sem við höfum mótað.

Önnur meginstoð er í skólakerfinu. Við þurfum að búa skóla okkar svo úr garði að þeir geti boðið nemendum sínum hið besta framboð, gert þeim kleift að standa fyllilega jafnfætis jafnöldrum sínum hvar sem er í

veröldinni, tryggt að þeir eigi kost á að kynna sér helstu og mikilvægustu nýjungar tæknibyltinga samstímans en líði ekki fyrir skort á tækjum og tölum. Starf kennara verður sífellt fjölþættara og mikilvægara; við verðum að búa svo um hnúta að það sé jafnan eftirsótt. Og nemendum þarf að líða vel á þessum vinnustað sínum; þar á að líka að hlúa að andlegri og líkamlegri vellíðan. Menntakerfið þarf að vera sveigjanlegt; stofnanir þess tilbúnar að kasta gömlum aðferðum ef þær hindra þroska og framfarir; skólarnir opnir fyrir ólíkum þörfum einstaklinga. Menntun er að verða ævistarf og einstaklingurinn virkari við að móta sér námskrá að eigin þörfum. Starf skólans þarf að taka mið af því.

Umráðan um ungmenni er alltof oft bundin við neikvæða þætti: orðið vandamál er næstum einsog óumflýjanlegur fylgifiskur orðsins unglundur. Við þurfum að vera duglegri við að vekja athygli á því jákvæða sem einkennir líf langflestra unglunga: hugmyndaauðgi og frumleika, frjórri listsköpun og metnaði í námi, íþróttum og leik. Allt þetta þarf að draga fram með miklu sterkari hætti en gert hefur verið, vekja á því athygli og gera eftirsóknarvert þeim sem lent hafa í vanda, nýta hið jákvæða til þess að takast á við hið neikvæða, reka hið illa út með því góða.

Ég vona að dvölin á Íslandi, samræðurnar og félagsskapurinn verði ykkur öllum til gangs og gleði og é þakka fyrir þann heiður að fá að ávarpa ykkur hér í dag.